

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 19.12.2024

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Bergur Jónmundsson, Lilja Friðriksdóttir, Erla Bjarnadóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Framvinda vinnu við stefnu í íþrótt- og tómstundamálum

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar niðurstöður úr vinnustofu ásamt því sem framkvæmdastjóri fór yfir þá fundi sem hann hefur setið tengt málinu.

Lagt fyrir. Aðalstjórn er ánægð að vinnan sé í gangi.

2. Sparisjóður Suður-Þingeyinga

Sparisjóðurinn hefur látið félagið vita um að það vilji styrkja félagið. Um er að ræða einskisgreiðslu til að byrja með. Útfæra þarf samningsdrög.

Aðalstjórn er gríðarlega ánægð með framgöngu sparisjóðsins. Framkvæmdastjóra falið að teikna upp samning í samræmi við umræður á fundinum.

3. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar

Fyrir aðalstjórn liggja drög að fjárhagsáætlun aðalstjórnar fyrir árið 2025 unnin af framkvæmdastjóra, formanni og gjaldkera.

Aðalstjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

4. Haust styrkir aðalstjórnar til deilda

Fyrir aðalstjórn liggur að taka ákvörðun um úthlutun haust styrkja til deilda félagsins. Fyrir aðalstjórn liggur einnig vinnublað unnið samkvæmt vinnureglu aðalstjórnar.

Aðalstjórn samþykkir skjalið með áorðnum breytingum.

5. Jólableð Völsungs

Jólableð Völsungs mun koma út 23. desember. Blaðið verður á rafrænu formi líkt og undanfarin ár. Alls verða 18 greinar í blaðinu frá deildum félagsins. Seldar voru auglýsingar 940.000 kr í blaðið.

Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu við blaðið.

Fundi slitið: 18:35